

REGLUGERÐ

um launaskatt

I KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Greiða skal almennan launaskatt í ríkissjóð eins og nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af skatti þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

2. gr.

Launaskattur nemur 3½% — þremur og hálfum af hundraði — , sbr. þó 3. gr., af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum með þeim takmörkunum er síðar greinir.

3. gr.

Af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem starfa að fiskverkun og iðnaði, eins og þær atvinnugreinar eru skilgreindar í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, skal launaskattur nema 2½% — tveimur og hálfum af hundraði —.

Með iðnaði samkvæmt 2. og 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands er átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjun, verkstæðum og heimilum sem fólgin er í „mekánískri“ eða „kemískri“ umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum eða höndum og hvort sem afurðir eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar nema um sé að ræða byggingarstarfsemi.

4. gr.

Launaskattur greiðist með tvennu móti:

- a) Með fimm gjalddögum á ári samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 14. gr., sbr. þó ákvæði 2. mgr. sömu greinar.
- b) Einu sinni á ári samkvæmt ákvæðum 21. gr.

II KAFLI

Um skattskyldu

5. gr.

Skattskyldir samkvæmt reglugerð þessari eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar sem greiða laun eða hvers konar þóknunir fyrir starf nema undanþegnir séu skv. 7. gr. Enn fremur hver sá sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi.

6. gr.

Launagreiðandi telst hver sá aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim endurgjald fyrir starfa sem inntur er af hendi fyrir hann á hans ábyrgð. Einnig aðili sem ber að reikna sér, maka sínum eða börnum innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, endurgjald samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Ef milligöngumaður annast greiðslurnar telst hann launagreiðandi sem skila- og greiðsluaðili samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um umboðsmann aðila sem um ræðir í 2. mgr. 2. tl. 71. gr. laga nr. 75/1981.

7. gr.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir launaskatti:

1. Forseti Íslands.
2. Erlendir þjóðhöfðingjar.
3. Sendiráð og sendiherrar erlendra ríkja, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn við sendiráð.

Þeir sem taldir eru í 2. og 3. tölulíð þessarar greinar eru þó ekki undanþegnir skattskyldu af launum sem þeir kunna að greiða vegna atvika sem mundu skapa þeim skattskyldu hér á landi til tekju- og eignarskatts.

III KAFLI

Um skattstofn

8. gr.

Stofn til launaskatts er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld eru skv. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, þó með þeim undantekningum sem um ræðir í 12. og 13. gr. Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli galdið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum, vöruúttekt eða vinnuskiptum. Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skal þá skattstofn hans vera jafn fjárhæð reiknaðs endurgjalds sem hann telur sér til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr., sbr. og 1. mgr. 59. gr. laga nr. 75/1981. Sama á við um reiknað endurgjald maka hans og barna innan 16 ára aldurs á tekjuárinu sem færast þeim til tekna skv. 1. tl. A-liðar 7. gr., sbr. 2. mgr. 59. gr., laga nr. 75/1981.

9. gr.

Til launaskattsstofns skv. 8. gr. teljast meðal annars:

1. Hvers konar laun og þóknanir, þ. m. t. ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof.
2. Verkfærakeningar, flutningspeningar, fæðispeningar o. þ. h. greiðslur.
3. Bifreiðastyrkir, dagpeningar og risnufé, að því leyti sem telja má að laun séu þar innifalin.
4. Gjafir sem teljast kaupuppbót og eftirgjöf lána sem telja má að komi í launa stað.
5. Laun eða þóknanir fyrir störf unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem eru heimilisfastir hér á landi.
6. Laun sem greidd eru vegna starfa í íslensku skipi eða loftfari, sbr. þó 2. tl. 12. gr.

10. gr.

Til launaskattsskyldra hlunninda skv. 8. gr. telst meðal annars fæði, húsnæði, fatnaður, bifreiðarafnot o. þ. h. Hlunnindi þessi skal reikna til launa á sama verði og þau eru metin til tekna samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Önnur hlunnindi skulu metin til peninga eftir gangverði á hverjum stað og tíma.

11. gr.

Sá sem greiðir þóknun fyrir vinnu eða þjónustu, sem veitt er af aðila er stundar eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, á ekki að greiða launaskatt af þeirri þóknun ef vinnan eða þjónustan er eðlisþáttur í hinni sjálfstæðu starfsemi aðilans og unnin á hans ábyrgð. Launaskattur greiðist því ekki af þóknun fyrir lækniþjónustu, lögfræðistörf, endurskoðun, verkfræði- og arkitektastörf eða þjónustu svipaðs eðlis ef þessi þjónusta er stunduð sem sjálfstæð starfsemi. Þó skal launaskattur vegna launa sjálfseignar-vörubifreiðastjóra lagður á þá sem greiða fyrir afnot bifreiðarinnar.

12. gr.

Laun eða þóknunir við neðangreind störf eru undanþegin launaskatti:

1. Laun eða þóknunir fyrir störf við landbúnað, þar með talin vinna bóndans sjálfs, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt.

Störf við landbúnað tekur hér til venjulegra sveitastarfa, svo sem heyvinnu, skepnuhirðingar, garðræktar, gróðurhúsaræktar, vinnu við að nytja hlunnindi jarðarinnar, fjallskil, fjárréttir og grenjavinnslu. Einnig venjuleg heimilisstörf á sveitabæ. Enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum. Hér með teljast girðingar um tún og haga jarðarinnar og afréttargirðingar. Viðhald bygginganna og girðinganna fellur einnig hér undir.

Ofangreindar jarðræktar- og byggingarframkvæmdir verða að vera vegna búrekstrarins sjálfs eða í nánnum tengslum við hann til þess að falla undir undanþágu þessarar greinar. Aðrar framkvæmdir í sveitum eru ekki undanþegnar, svo sem bygging eða viðhald skóla, félagsheimila, kirkna, sumarbústaða, verslunar- og sláturhúsa, vega o. s. frv.

2. Tekjur sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með taldar tekjur hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.
3. Laun eða þóknunir fyrir störf, unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem ekki eru heimilisfastir hér á landi.
4. Laun er varnarliðið greiðir til manna hér á landi og ekki eru skattskyld hér, sbr. lög nr. 110/1951.
5. Björgunarlaun samkvæmt tíunda kafla siglingarlaga nr. 66/1963.

13. gr.

Til launaskattsstofns skv. 8. gr. telst ekki:

1. Eftirlaun og lífeyrir, þ. m. t. fæðingarorlof, sbr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
2. Aðrar bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasamlögum, svo og slysa- og sjúkradagpeningar úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
3. Bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa.
4. Atvinnuleysisbætur.
5. Iðgjaldagreiðslur atvinnuveitenda í lífeyrissjóði vegna starfsmanna, svo og í styrktar- og sjúkrasjóði stéttarfélaga. Sá hluti af heildariðgjaldinu sem launþegi greiðir telst hins vegar með launum.

IV KAFLI

Um gjalddaga launaskatts, greinargerðir, ákvörðun launaskatts og dráttarvaxta o. fl.

14. gr.

Gjalddagar launaskatts eru sem hér greinir:

- a) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars: 15. apríl.
- b) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina apríl og maí: 15. júní.

- c) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina júní og júlí: 15. ágúst.
- d) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina ágúst, september og október: 15. nóvember.
- e) Vegna launa sem greidd eru fyrir mánuðina nóvember og desember: 15. janúar.

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 15 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 150 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 150 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

Eindagi er mánuði eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

15. gr.

Launaskatt skv. 14. gr. ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ríkisskattstjóri lætur gera eyðublöð fyrir greinargerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu dreifa eyðublöðum þessum til gjaldenda sem greiða eiga launaskatt skv. 14. gr. svo tímanlega að þau séu komin í hendur þeirra fyrir gjalddaga. Auk þess skulu eyðublöðin jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Skattstjórar senda eyðublöðin til þeirra gjaldenda sem greiðsluskyldir voru á næstliðnu ári ellegar næstliðnu greiðslutímabili samkvæmt greinargerðum þeirra til innheimtumanna ríkissjóðs. Þeir sem greiðsluskyldir verða í fyrsta sinn, svo og þeir sem áður kunna að hafa vanrækt greiðsluskyldu, skulu sjálfir afla sér eyðublaðanna.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti þó að honum hafi eigi borist eyðublað frá skattstjóra.

Gjaldandi útfyllir eyðublaðið eins og form þess segir og skilar því til innheimtumanns í þríriti. Innheimtumenn skulu veita skýrslu viðtöku þótt eigi fylgi greiðsla.

16. gr.

Sé launaskattur greiddur eftir eindaga, sbr. 14. gr. og 21. gr. skal greiða dráttarvexti til viðbótar því sem vangreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

17. gr.

Um rannsóknir skattstjóra á skilum launaskatts þeirra aðila sem um ræðir í þessum kafla, svo og ákvörðun launaskatts þeirra af eigin atvinnurekstri og launum sem ekki eru greidd í peningum, fer eftir ákvæðum í V kafla reglugerðar þessarar.

18. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóri, skulu mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum um launaskattsgreiðslur sem þeim hafa borist í síðastliðnum mánuði.

V KAFLI

Um árleg launaskattsframtöl, álagningu, endurskoðun skattgreiðslna, kærur, innheimtur o. fl.

19. gr.

Allir sem skyldir eru til að greiða launaskatt samkvæmt reglugerð þessari skulu senda skattstjóra sérstaka greinargerð, launaframtal, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna, sbr. 92. gr. laga nr. 75/1981.

Á launaframtalið skal launagreiðandi færa launagreiðslur næstliðins árs og aðrar upplýsingar og sundurliðanir sem ríkisskattstjóri þykir við þurfa til ákvörðunar launaskatts og dráttarvaxta samkvæmt því er form eyðublaðsins segir til um.

20. gr.

Skattstjóri ákveður árlega launaskatt af launum fyrir liðið ár sem hér segir:

- a) Launaskatt af launum þeirra sem hafa atvinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Stofn til launaskatts þessara aðila skal vera reiknað endurgjald sem þeim ber að telja sér, maka sínum og börnum til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr., laga nr. 75/1981.
- b) Launaskatt af launum sem ekki eru greidd í peningum, svo sem fæði, húsnæði, fatnaði, bifreiðaafnotum og sérhverjum öðrum hlunnindum.

21. gr.

Að lokinni ákvörðun launaskatts skv. 20. gr. skulu skattstjórar semja skrá um alla þá sem greiða eiga launaskatt samkvæmt þeirri grein og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

Gjaldddagi launaskatts sem skattstjóri ákvarðar skv. 20. gr. er 15. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar til gjaldanda og eindagi mánuði síðar.

22. gr.

Komi í ljós að aðili, sem greitt hefur laun sem greiða skal launaskatt af samkvæmt reglugerð þessari, hafi vanrækt greiðslu skattsins að hluta eða öllu leyti eða ekki skilað greinargerð skv. 15. gr. eða 19. gr. skal skattstjóri ákvarða launaskatt ásamt dráttarvöxtum fyrir hvert einstakt uppgjörstímabil.

23. gr.

Skattstjórar skulu kanna skattskil þeirra sem greiða áttu launaskatt skv. 14. gr., m. a. með samanburði greinargerða, sem þeim hafa borist frá innheimtumönnum, við launaframtöl, launamiða, skattframtöl og önnur gögn sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það sem áfátt kann að reynast og ákvarða vangreiddan skatt og dráttarvexti og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns. Skattfjárhæð og dráttarvexti skal tilgreina hvort í sínu lagi.

24. gr.

Séu skýrslur gjaldanda ófullnægjandi, í heild eða einstökum atriðum, tortryggilegar eða sýnilega gerðar til málamynda, ellegar ekki er talið fram, skal beita ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á um slík tilvik. Ákvæði þeirra laga skulu og gilda, eftir því sem við á, um álagningu, rannsóknir, kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi. Sömu reglur skulu og gilda, eftir því sem við á, ef gjaldanda sem lagt skyldi á hefur verið sleppt af skrá eða honum ekki gert að greiða launaskatt af öllum gjaldstofninum.

25.gr.

Innheimtu launaskatts og dráttarvaxta samkvæmt reglugerð þessari annast innheimtumenntu ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóri. Ákvæði 114. gr. laga nr. 75/1981 um ábyrgð á skattgreiðslum og lögtaksrétt skulu gilda um innheimtu launaskatts og dráttarvaxta. Innheimtumaður ríkissjóðs skal ákvarða dráttarvexti fyrir það tímabil sem líður frá ákvörðun skattstjóra á fjárhæð dráttarvaxta til greiðsludags.

26.gr.

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi, sem ýmist skal greiða af 3½%, 2½% eða engan launaskatt skv. 2., 3. og 12. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyrir hverjum þætti.

Af launaskattsskyldum greiðslum fyrir yfirstjórn og af öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal ávallt greiða 3½%, sbr. 2. gr. Þó skal einungis greiða 2½%, sbr. 3. gr., af því hlutfalli greiðslna fyrir yfirstjórn o. þ. h. sem er á milli heildargreiðslna og greiðslna skv. 3. gr., áður en greiðslur fyrir yfirstjórn o. þ. h. eru meðtaldar.

Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldi eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi skal skattstjóri áætla skiptinguna.

27. gr.

Launaskattur telst rekstrarkostnaður skv. 1. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

28. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 14 15. mars 1965, sbr. II kafla laga nr. 5 27. febrúar 1982, og öðlast gildi frá og með 1. apríl 1982. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 119 31. maí 1965, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða

Við ákvörðun launaskatts fyrir gjaldárið 1982 vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1981 skulu gilda ákvæði laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum, eins og þau voru áður en lög nr. 5/1982 tóku gildi.

Vegna launaskattsskyldra launa, sem greidd eru fyrir janúar og febrúar 1982, skal greiða launaskatt skv. 1. og 2. gr. laga nr. 14/1965, sbr. lög nr. 65/1977, eins og þau voru áður en lög nr. 5/1982 tóku gildi.

Vegna launaskattsskyldra launa, sem greidd eru fyrir mars 1982, skal greiða launaskatt samkvæmt reglugerð þessari.

Verði vanskil á greiðslu launaskatts vegna launaskattsskyldra launa í 1. ársfjórðungi 1982 skal gjaldandi greiða dráttarvexti samkvæmt þessari reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1982.

Ragnar Arnalds.

Þorsteinn Geirsson.

Fylgiskjal*Úr atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands***Flokkur 2—3. Iðnaður.**

Með iðnaði er átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjum, verkstæðum og heimilum, sem er fólgin í „mekánískri“ eða „kemískri“ umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum knúðum orku eða í höndunum, og hvort sem afurðirnar eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar, nema um sé að ræða byggingarstarfsemi (samsetning á byggingarstað).

20 Matvælaíðnaður, annar en drykkjarvöruíðnaður.

Framleiðsla matvæla og skyldra afurða, svo sem sælgætis, krydds og skepnufóðurs (þó ekki mjöls úr sjávaraflla, sbr. nr. 312, 314).

201 Slátrun og kjötiðnaður. Slátrun og tilheyrandi störf í sláturhúsum, þökkun sláturafurða, kjötfrysting, geymsla, söltun, reyking og niðursuða kjöts. Pylsugerð, bjúgnagerð og ýmiss konar kjötvinnsla, garnahreinsun o. fl.

Aths.: Heimaslátrun húsdýra fylgir viðkomandi landbúnaðargrein. Sama er að segja um heimavinnslu sláturafurða, og það jafnt þótt þær séu ætlaðar til sölu.

202 Mjólkuíðnaður. Gerilsneyðing og áfylling mjókur og öll framleiðsla úr mjólk, svo sem á smjöri, skyri, osti, mjólkurdufti og kaseíni. Enn fremur mjólkur- og rjómaísgerð. Mjólkur- og rjómaísgerðir, sem selja alla eða mest alla framleiðslu í eigin útsöllum, skulu ekki flokkaðar til þessa númera, heldur til nr. 619.

Aths.: Heimavinnsla mjólkur er talin með landbúnaði, og það jafnt þótt afurðirnar séu ætlaðar til sölu. — Mjólkurstöðin í Reykjavík (og önnur mjólkurbú) eru hér í nr. 202, en Mjólkursamsalan ásamt mjólkur- og brauðsölubúðum er í nr. 618, brauðgerð hennar í nr. 206, Mjólkurbarinn í nr. 862, o. s. frv.

203 Hraðfrystihús, aðrar fiskverkunarstöðvar. Frysting, söltun (þar með hrognasöltun, en ekki síldarsöltun), þurrkun og hersla fisks. Enn fremur ísframleiðsla til ísunar á sjávarvöru.

204 Síldarsöltunarstöðvar.

205 Niðursuða, niðurlagning og reyking sjávarvöru. Niðursuða, niðurlagning í loftþéttar umbúðir, og reyking sjávarvöru.

Aths.: Skelfletting rækju til niðursuðu er talin hér, en skelfletting rækju og humars til frystingar er í grein 203.

Aths. við nr. 203—205: Allur fiskiðnaður (þar með vinnsla skelfisks) er hér, nema mjöl- og lýsisvinnsla. Aðgerð og fiskvinnsla um borð í skipum er talin með fiskveiðum, og enn fremur beiting unnin í landi. Vinna við fisklöndun fylgir flokkun þess aðila í fiskveiðum eða fiskverkun, er framkvæmir hana, en sé um að ræða aðila sérhæfðan til þeirrar starfsemi (t. d. Togaraafgreiðslan) þá telst hann til nr. 715.

206 Brauðgerð, kökugerð. Sala brauðgerðar á eigin framleiðsluvörum á staðnum fellur undir þetta nr. en brauð- og kökuútsölur án brauðgerðar á staðnum teljast til nr. 618, sjá skýringar þar.

207 Kexgerð. Hrökkbrauðsframleiðsla meðtalin.

208 Sælgætisgerð. Framleiðsla súkkulaðis, konfekts og annars fyllts sælgætis, sykraðra ávaxta, brjóstsýkurs, karamella, lakkrisvara, tyggigúms o. fl.

209 Matvælaíðnaður ót. a., þar með smjörlíkisgerð, kaffibrennsla. Smjörlíkisgerð, framleiðsla bökunarfeiti, kaffibrennsla, kaffibætisgerð, kornmölun og framleiðsla úr korni til manneldis, frysting, þurrkun, niðursuða og önnur varðveisla grænmetis og ávaxta, sultu- og saftgerð, framleiðsla súputeninga, bökunardufts, bökunardropa, tómatsósu og kryddvöru ýmiss konar. Enn fremur framleiðsla matarsalts, fódurblöndu og annars tilbúins skepnufóðurs (nema mjöls í nr. 312, 314). Hvalsúrsum og þangmjölsvinnsla.

Ath.: Bökunardropagerð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er talin hér. Kaffibrennsla og -mölun í verslunum skal talin í viðkomandi greinum verslunar, enda ekki um sjálfstæðar rekstrareindir að ræða. — Kornþresking er í grein 020.

21 Drykkjarvöruiðnaður.

- 211 Áfengisíðnaður.** Eiming hreins vínanda (ethyl-alkóhóls). Eiming og blöndun áfengra drykkja.
Aths.: Sá hluti af starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, sem er fólgin í blöndun brennivíns, ákavítis o. fl. og áfyllingu á flöskur, telst til þessa númeris.
- 213 Ölgerð, gosdrykkjagerð.**

22 Tóbaksíðnaður.

- 220 Tóbaksíðnaður.**
Aths.: Af starfsemi í grein 22 er hér á landi aðeins um að ræða neftóbaksgerð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

23 Vefjariðnaður.

- 231 Ullarþvottur, framleiðsla á garni, dúkum, teppum o. fl.** Undirbúningur ullar eða annarra þráða (baðmull, hampur, hör, júta, silki, gerviþræðir) að spuna, svo sem þvottur, kemming, litun og hreinsun. Spuni, vefnaður og frágangur á garni og ofnum dúkum. Framleiðsla gólfteppa og dregla.
Aths.: Asbestspuni og -vefnaður er í nr. 339.
- 232 Þrjónavöruframleiðsla.** Framleiðsla þrjónavoðar og annar þrjónlesiðnaður, þrjónafatagerð.
Aths.: Starfsemi þrjónlesverksmiðja er ávallt talin í þessari grein, hvort sem þær framleiða sjálfar fót úr þrjónavoðinni eða selja hana öðrum til fatagerðar. Fatagerð úr aðkeyptri þrjónavoð er hins vegar í nr. 243.
- 233 Kaðla-, færa-, línu- og taumagerð, neta- og nótagerð.** Hampiðja, fiskilínu-, færa- og taumagerð. Framleiðsla fiskineta og nóta úr baðmull, nælon o. fl. Veiðarfæraviðgerð er enn fremur í þessu númeri, nema hún sé framkvæmd af áhöfnum veiðiskipa, þá fylgir hún fiskveiðum. — Framleiðsla á svippuböndum, þvottasúrum o. þ. h.
- 239 Spunavöruiðnaður ót. a.** Framleiðsla línóleumdúka og annarra gólfúka (nema gúmmídúka), framleiðsla á gervileðri, olíubornum dúk og öðrum íbornum eða húðuðum vefnaði, á strá- og kókosmottum (þó ekki ofnum mottum, sem eru í nr. 231), á húsgagnastoppi, filti og flóka, og ýmis framleiðsla úr tuskum.
Aths.: Framleiðsla á húsgagnastoppi úr tré er í nr. 251.

24 Skógerð, fatagerð og framleiðsla á öðrum fullunnum vefnaðarvörum.

- 241 Skógerð, önnur en gúmskógerð.** Framleiðsla skófatnaðar (legghlífar meðtaldar) af öllum tegundum, úr leðri, plasti, tré, vefnaði og öðrum efnum. Þó er framleiðsla gúmskófatnaðar í nr. 300.
- 242 Skóviðgerð.** Skógerð á skóviðgerðarverkstæðum er meðtalin.
- 243 Fatagerð önnur en sú, sem er í nr. 232, 241 og 293.** Framleiðsla á fatnaði, sníðing og saumaskapur úr ofnum dúk, leðri, plasti, loðskinni og öðrum efnum, svo sem ytrifata-, millifata- og nærfatagerð, vinnufata- og sjóklæðagerð. Framleiðsla höfuðfata, regnhlífa, leikbúninga, vasaklúta, göngustafa o. fl. Fataviðgerð er einnig talin hér (þ. á m. nælonsokkaviðgerð), nema hún sé í sambandi við hreinsun og pressun, og þá í nr. 864.
Aths.: Hanskagerð úr leðri og gervileðri er í nr. 291. Vinnuvettlingagerð er í nr. 243, en

prjónavettlingagerð í nr. 232. Fatagerð úr aðkeyptri prjónavoð er í nr. 243, en prjónlesverksmiðjur í nr. 232 (sjá athugasemd þar).

244 Framleiðsla á öðrum tilbúnum vörum úr spunaefni. Hér er t. d. framleiðsla tjalda, bakpoka, svefnpoka, kerrupoka, segla og yfirbreiðslna, sængurvera, handklæða, gluggatjalda (þó ekki rimlagluggatjalda og rúllugluggatjalda, sem er í nr. 261), dúka, þurrka, rúmteppa og hliðstæðra teppa, fána, púða, útsaumsvöru ýmiss konar, gólfklúta o. fl. Framleiðsla á töskum úr vefnaði er einnig í þessari grein, einnig ýmiss konar viðgerð á vefnaðarvöru.

Aths.: Framleiðsla á stoppuðum dýnum og fjaðradýnum er með húsgagnagerð í nr. 261, en framleiðsla á svampdýnum í nr. 300. Sængurfataviðgerð er í nr. 244, en fiðurhreinsun í nr. 399.

25 Timbur- og korkiðnaður, nema húsgagna- og innréttingasmíði.

252 Trétunnu-, trékassa- og körfugerð.

Aths.: Sjálfstædir beykjar eru í þessu númeri, en störf beykja, t. d. í þjónustu síldarsöltunarstöðva flokkast með hinum síðar nefndu.

259 Trjávöruiðnaður ót. a. Amboðagerð úr tré, trérammagerð, myndskurður, líkkistusmíði og framleiðsla ýmissa hluta úr tré, sem ekki teljast til húsgagna eða innréttinga. Krossviðagerð, smíði flekahúsa. Enn fremur korkiðja.

Aths.: Jarðarfararumsjón og bálstofur eru í nr. 868, sömuleiðis rekstur kirkjugarða, ef hann verður greindur frá annarri kirkjustarfsemi — ella telst hann til nr. 832, sjá skýringar þar.

261 Smíði naglfastra fylgihluta húsa, þar á meðal innréttingar úr trjávið (t. d. glugga, hurða, skápa, eldhúsinnréttinga o. s. frv.). Hér er aðeins um að ræða smíði á hlutum, sem samkvæmt eðli sínu verða naglfastir þar sem þeir eru settir upp. Hlutir, sem venjulega eru fjarlægðir úr húsrúmi við eigendaskipti, teljast ekki naglfastir í þessu sambandi og eru því ekki í þessari grein, heldur í nr. 262.

262 Smíði hvers konar ónaglfastra húsgagna úr trjáviði og öðru efni (plasti, stáli, leðri), svo sem borða, stóla, sóffa, skápa, rúma o. m. fl. Smíði á bókahillum til festingar á vegg eru í þessari grein, séu þær þannig, að við eigi, að þær séu fjarlægðar við eigendaskipti, sbr. nr. 261. Sama gildir um gluggatjaldastengur og annan gluggabúnað úr trjáviði, ef eins ástatt er um hann. — Í þessari grein er fóðrun og bólstrun húsgagna.

27 Pappírsiðnaður.

271 Framleiðsla pappírseigs, pappírs og pappa. Húðun og íburður pappírs og pappa meðtalin. Þó er framleiðsla tjöru- og asfaltpappa (þ. á m. íslenska þakpappans) í nr. 329, sandpappírs í nr. 339, ljósmyndapappírs í nr. 391 og stensil- og kalkipappírs í nr. 399.

272 Pappa- og pappírsvörugerð. Framleiðsla á vörum úr pappír og pappa, svo sem á pokum, kössum og öðrum umbúðum, diskum, öðrum matarilátum og áhöldum, umslögum og ritföngum, veggfóðri, salernispappír, sniðum, spilum, spjöldum, möppum, pappírspurrkum o. fl.

Aths.: Bókband er í nr. 283. Prentun á pappír- og pappambúðir, sem framkvæmd er í umbúðaverksmiðjum, er hér í grein 272, en ekki með prentun í nr. 281.

28 Prentun bóka og önnur bókagerð, útgáfustarfsemi.

281 Prentun. Prentun og ljósprentun á bókum, blöðum, tímaritum, landakortum, póstkortum o. s. frv. Prentun á peningaseðlum og frímerkjum er meðtalin. Hefting og annar óbrotinn frágangur prentaðs efnis í prentsmiðjum er meðtalin.

282 Prentmyndagerð.

283 Bókband. Bókband og tilheyrandi störf framkvæmd á bókbandsverkstæðum, svo sem gylling. Framleiðsla á lausblaðabókum, stílabókum bindum o. s. frv. Bókaskreyting.

Aths.: Sjá skýringar við nr. 281 um heftingu og annan frágang prentaðs máls í prentsmiðjum.

284 Útgáfa bóka, blaða og annarra rita. Útgáfa blaða, bóka og bæklinga og annars prentaðs máls, korta o. fl. Ríkisútgáfa námsbóka og Menningarsjóður falla undir þetta númer.

Aths.: Hér eru bókaforlög og útgáfur blaða og tímarita, en pentsmiðjur, prentmynda-gerðir og bókbandsvinnustofur slíkra aðila teljast til sinnar greinar, nema um smávægilega starfsemi sé að ræða. Útgáfustarfsemi stofnana og félagssamtaka flokkast að jafnaði til þeirrar greinar, sem hlutaðeigandi aðili telst til vegna aðalstarfsemi sinnar, nema útgáfustarfsemi sé það umfangsmikil, að ástæða sé til að greina hana frá annarri starfsemi hlutaðeiganda.

29 Skinna- og leðuriðnaður, annar en skó- og fatagerð.

291 Sútun og önnur verkun skinna. Loðsútun, önnur sítun, verkun, litun, rotun og önnur meðferð á skinnnum. Framleiðsla á loðskinnsteppum, mottum og öðrum loðskinnsvörum, nema á fatnaði.

293 Leðurvörugerð, þar með hanskagerð, en ekki skó- og fatagerð. Framleiðsla á vörum úr leðri og gervileðri (plasti), svo sem ferðatöskum, kventöskum, möppum, bókakápum, vindlinga-, lykla- og peningaveskjum, buddum, reiðtygjum, svipuólum o. þ. h. Enn fremur framleiðsla hanska úr leðri eða leðurlíki.

Aths.: Framleiðsla hanska úr silki eða öðrum vefnaði er í nr. 243. Framleiðsla á beltum úr leðri og öðrum efnum er einnig í nr. 243, og þar er yfirleitt öll fatagerð úr leðri eða leðurlíki, nema hanskagerð.

30 Gúmvörugerð (ekki gúmfatagerð), hjólbarðaviðgerð.

300 Gúmvörugerð (ekki gúmfatagerð), hjólbarðaviðgerð. Framleiðsla á vörum úr gúmi og gervigúmi, gúttaperka og balata, svo sem skóm, skósólum, vettlingum, reimum, böndum, þéttingum, mottum, svömpum o. fl. Hjólbarðaviðgerð og önnur gúmviðgerð, gúmsteypa. Framleiðsla svampgúms.

Aths.: Gúmfatagerð (önnur en skógerð og vettlingaframleiðsla) er í nr. 243.

31 Kemískur iðnaður.

311 Kemískur undirstöðuiðnaður, þar með framleiðsla tilbúins áburðar. Framleiðsla tilbúins áburðar, ammoníaks, súrefnis, kalks, acetylengass. Flugeldagerð, framleiðsla sprengiefnis. Framleiðsla á plastráfni, sýrum (t. d. kolsýru), söltum, litunarefnum, harpix o. m. fl.

312 Hvalvinnsla.

Aths.: Hvalsúrsum er í nr. 209, og fullvinnsla hvalkjöts í nr. 201.

313 Lifrabræðsla, lýsishreinsun, lýsishersla.

Aths.: Framleiðsla smjörlikis og tilbúinnar matarfeiti er í nr. 209, mör- og tólgarvinnsla í nr. 201.

314 Síldarbræðsla, fisk- og beinamjölsvinnsla, soðkjarnaframleiðsla.

315 Málningar-, lakk- og límgerð o. fl. Framleiðsla á málningu, lökkum, lími, kíttri, spartli, fernis, terpentínu, emalleringu, prentsvertu o. fl.

Aths.: Framleiðsla málningardósa í eigin þágu verður að jafnaði ekki greind frá málningargerðinni.

319 Sápu- og þvottaefnagerð, kemísk framleiðsla ót. a. Framleiðsla á sápu, þvottaefni, klórvatni, bóni, kertum, júgursmyrslu, hárvötum, ilmvötum, andlitsfarða, tannkremi, sólarolíu, bleki, skósvertu, eldspýtum, skordýraeitri. Enn fremur lyfjagerð.

Aths.: Efnagerðir, aðrar en matarefnagerðir, eru taldar hér. Lyfjagerð lyfjabúða er í grein 624, nema um sjálfstæðar rekstrareindir sé að ræða. Lyfjagerð Lyfjaverslunar ríkisins (framleiðsludeildin) er talin hér, en að öðru leyti er fyrirtækið í grein 616 (heildsala). Hárvatnagerð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (framleiðsludeildin) er einnig talin hér.

32 Kolanám, kola- og olíuðnaður.

321 Kolanám. Surtarbrandsnám meðtalið, en ekki mótak (sjá skýringu við nr. 336).

322 Olíuhreinsun.

329 Asfalt- og tjörupappagerð o. fl. Framleiðsla á asfalt- og tjörupappa og öðrum þ. h. byggingarvörum, olíutöflum o. fl.

33 Steinefnaiðnaður (þó ekki málm-, kola- og olíuðnaður), grjótnám o. þ. h.

Aths.: Grjót-, sand- og malarnám er í þessari grein og enn fremur vinnsla annarra jarðefna, nema málma.

331 Framleiðsla byggingarvara úr leir.

332 Gleriðnaður, þar með speglagerð. Framleiðsla glers úr kvartssandi eða öðrum hráefnum er í þessu nr. Framleiðsla tvöfalds glers (líming eða önnur samsetning), gler-slípun, speglagerð, glerbeyging og sandblástur glers.

Aths.: Glerskurður í glerverslunum telst til verslunar (nr. 614). Gleraugnagerð er í nr. 391.

333 Leirsmíði, postulínsiðnaður. Framleiðsla listmuna, búsáhalda og annarra muna úr leir og postulíni (þar með blómapottagerð).

334 Sementsgerð. Framleiðsla portlandsements, pozzolansements, hraðsements o. fl.

335 Grjót-, malar- og sandnám vikurvinnsla. Grjótmulningsstöðvar, sand og malartaka og -vinnsla. Enn fremur vikurvinnsla.

Aths.: Sand- og malarnám steinsteypustöðvar fylgir henni að jafnaði og er því í nr. 339. Sama er að segja um vikurnám vikursteinagerða. Grjótnám til verklegra framkvæmda (t. d. vegagerð, hafnagerð) flokkast til viðkomandi númeris í byggingarstarfsemi (fl. 4), ef hlutaðeigandi framkvæmdaraðili sjálfur nemur grjótið.

336 Námuðgröftur ót. a. Brennisteinsnám, silfurbergs-, hrafntinnu- og kvartsnám, saltvinnsla, mótak.

339 Steinsteypugerð, steinsteypuvörugerð og annar steinefnaiðnaður. Framleiðsla á blandaðri steinsteypu (steypustöðvar), fínþússningu, steinull og steinsteypuvörum, svo sem hellum, pípum, hleðslusteinum (þar með vikursteinum, o. fl. og plötum, stólpum, grindverkum, bitum, súlum, gluggapóstum, netateinum o. fl. Legsteinasmíði og önnur steinasmíði. Malbikunastöðvar, gipssteypa.

34 Málmnám og frumvinnsla málma.

341 Járnnám og frumvinnsla járn- og stáls. Vinnsla járngrýtis úr jörðu, bræðsla þess og framleiðsla á plötum, stöngum, o. fl. Málmblendiverksmiðja.

342 Annað málmnám og frumvinnsla þeirra málma. Álfraframleiðsla, koparvinnsla o. fl.

35 Málmsmíði og málmvörugerð ót. a., þar með vélaviðgerð o. þ. h.

350 Málmsmíði og málmvörugerð ót. a., þar með vélaviðgerð o. þ. h. Hér eru vélsmiðjur, járnsmiðjur, blikksmiðjur og dósasmíðjur, stáltunnugerð, málmhúðun, ofna- og vaskasmíði, framleiðsla á vélum, verkfærum, vírkörfum, mottum, köðlum, pípum,

boltum, nöglum og stöngum. Í þessu númeri eru yfirleitt allar viðgerðir á vélum og tækjum (þar með skrifstofuvélum), nema þær, sem eru í nr. 370 (raftæki), 381 (skip), 383 (bifreiðar og búvélar), 385 (reiðhjól), 386 (flugvélar), 391 (vísinda- og mælitæki), 393 (úr- og klukkur).

37 Rafmagnsvöru- og rafmagnstækjagerð, tilheyrandi viðgerðarstarfsemi.

- 370 Rafmagnsvöru- og rafmagnstækjagerð, tilheyrandi viðgerðarstarfsemi.** Rafmagns-, raftækja- og rafvélaverkstæði eru í þessari grein. Framleiðsla og viðgerð hverskonar raftækja, svo sem rafmótora, rafmagnsbúsáhalda, raflampa, útvarps- og sjónvarpstækja og hvers konar radiótækja, rafgeyma, rafmagnsvírs.

38 Smíði og viðgerð flutningstækja.

- 381 Skipasmíði, skipaviðgerð.** Smíði og viðgerð á skipum og bátum, slippvinna, niðurrif skipa.
- 382 Járnbrautaiðnaður.**
- 383 Smíði bifreiðayfirbygginga, bifreiðaviðgerð, smurstöðvar, önnur bifreiðþjónusta.** Smíði bifreiðayfirbygginga, viðgerð bifreiða, þ. á m. réttingar og bílamálun, og enn fremur viðgerð á rafkerfi bifreiða, þegar um er að ræða sérhæfð verkstæði til þeirra starfa, ella falla þau undir nr. 370. — Hér eru og smurstöðvar og bón- og þvottastöðvar bifreiða. Loks eru í þessari grein viðgerðarverkstæði og aðrar þjónustustöðvar búvéla.
Aths.: Viðgerð á hjólbörðum og slöngum er í nr. 300.
- 385 Reiðhjólaviðgerð.**
- 386 Flugvélaviðgerð.**
- 389 Önnur flutningstækjagerð og -viðgerð.** Smíði á hestvögnum og kerrum, barnavögnum o. fl.
Aths.: Smíði sleða og skíðagerð er í nr. 399.

39 Ýmislegur iðnaður.

- 391 Smíði og viðgerð á vísinda- og mælitækjum, þar með ljósmynda- og sjóntækjum.** Til þessa númers telst t. d. smíði og viðgerð áttavita og siglingatækja, gleraugnasmiði og -viðgerð, smíði á gervilimum og skóm fyrir fatlaða, og viðgerð ljósmyndavéla, ef slík starfsemi er aðalverkefni hlutaðeiganda.
- 393 Ura- og klukkuviðgerð.**
Aths.: Úrviðgerð sem aukastarfsemi með verslun flokkast með hinni síðar nefndu og þá oftast í nr. 626.
- 394 Skartvörugerð, góðmálmasmíði, leturgröftur.** Smíði á skartgripum, gull- og silfurvörum (vörur húðaðar með góðmálmum meðtaldar). Góðmálmasmíði og -viðgerðir o. þ. h. sem aukastarfsemi með verslun flokkast með hinni síðar nefndu og þá í nr. 626.
- 395 Smíði og viðgerð hljóðfæra.** Stilling hljóðfæra fellur undir þetta númer.
- 397 Burstagerð o. þ. h.** Bursta-, kústa- og penslagerð.
- 398 Plastvöruíðnaður ót. a.** Dæmi um plastvörugerð í þessari grein: Leikföng, búshöld, garðyrkjuáhöld, dúkar, vatnsslöngur o. m. fl.
Aths.: Framleiðsla fatnaðar úr plasti er í nr. 243. Framleiðsla á kventöskum, bókakápu og möppum úr plasti er í nr. 293.
- 399 Iðnaður ót. a., þar með leikfangagerð, dúnhreinsun, vörupökkun.** Hér er framleiðsla á ýmsum vörum ót. a., svo sem leikföngum (nema plastleikföngum), íþróttatækjum (svo sem sledum, skíðum, boltum o. fl.), sportvörum, fataskrauti, gerviblómum, hnöppum,

lampaskermum, skiltum, merkjum, auglýsingaspjöldum, stimplum. Enn fremur er hér dúnhreinsun, fiðurhreinsun, kolsýruhleðsla, og viðgerðir, sem ekki verða flokkaðar annars staðar. Loks eru hér fyrirtæki, sem vélpakka vöru annarra aðila, en vélpökkun eigin söluvöru flokkast til viðkomandi framleiðslugreinar. Og starfsemi aðila, sem kaupir vörur til vélpökkunar og síðan til heildsölu dreifingar, er í nr. 616. — Hliðstætt þessu fylgir áfylling eigin framleiðslu viðkomandi grein, en seld áfyllingarþjónusta er hér í nr. 399.